

Fjallabyggð  
Skipulags- og umhverfisnefnd  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

Siglufjörður, 8. júlí 2021


*Málefni: Umsókn um heimild til gerðar breytingartillögu á deiliskipulagi Leirutanga*

Undirritaður, f.h. BÁS ehf. lóðarhafa Egilstanga 1, Siglufirði, landnr. L142476, óskar hér með eftir heimild til að láta vinna á eigin kostnað breytingartillögu á gildandi deiliskipulagi fyrir Leirutanga, sbr. 2. mgr. 38. gr. ásamt 3.-4. mgr. 40. gr. laga 123/2010.

Samhliða er þörf á breytingu aðalskipulags fyrir Leirutanga sem staðfest var 01.03.2016. Lagt er til að skipulagsbreytingartillögur yrðu auglýstar samhliða skv. 41. gr. laga 123/2010

Áformað er að tillaga að deiliskipulagsbreytingu geri áfram ráð fyrir núverandi starfsemi á stækkaðri lóð Egilstanga 1 með kvöð um aðgengi að jarðlögnum sveitarfélagsins og gerð verði m.a. grein fyrir mótvægisáðgerðum vegna ásynðar og ytri áhrifa starfseminnar gagnvart útivistarsvæði, griðlandi fugla og tjaldsvæði.

*Virðingarfyllst,*

  
\_\_\_\_\_

*f.h. BÁS ehf.*